

Fundarnúmer:	561
Dagsetning:	06.10.2008
Tími:	10:00
Staður:	Fundarsalur Ráðhúss

Dagskrá:

1. Viðræður við forstöðumann tæknideildar og verkstjóra áhaldahúss.
2. Viðræður við Hannes Pétursson og Þorbjörgu Valdimarsdóttur.
3. Bréf Samgönguráðuneytisins.
4. Bréf Heilbrigðisstofnunarinnar Hvammstanga.
5. Bréf Arnars Gunnarssonar og Víglundar Gunnþórssonar.
6. Drög að verklagsreglum um starfsmannaráðningar hjá Húnaþingi vestra.
7. Fundargerð 16. Ársþings SSNV.
8. Bréf Gudrunar Kloes, atvinnuráðgjafa. Atvinnulífssýning.
9. Úttekt á rekstri Íþróttamiðstöðvar Húnaþings vestra.

Afgreiðslur:

1. Forstöðumaður tæknideildar og verkstjóri áhaldahúss eru mættir til viðræðna við byggðarráð. Rætt um húsnæðismál og starfsmannamál í áhaldahúsi. Samþykkt að auglýsa eftir starfsmanni í áhaldahúsi í stað Kristins Björnssonar sem ráðinn hefur verið í starf umsjónarmanns skólamanntvirkja. Farið yfir málefni er snerta Sif HU-39 og samskipti sveitarstjóra við skiptastjóra um ráðstöfun bátsins. Rætt um framkvæmdir við gatnagerð, gámaöfl o.fl. Tæknideild falið að kanna möguleika á byggingu skýla fyrir rafskutlur við íbúðir aldraðra við Nestún. Forstöðumaður tæknideildar greindi frá áætluðum kostnaði við uppbyggingu leikvalla.
2. Hannes Pétursson og Þorbjörg Valdimarsdóttir eru mætt til viðræðna við byggðarráð um sérfræðipjónustu við börn á leikskóla. Lögðu þau fram óskir um aukna þjónustu og að leitað verði allra leiða til að ráða fagfólk með viðeigandi menntun til starfa á leikskólanum. Einnig farið yfir framkvæmd stuðnings við fatlaða nemendur á leikskólanum.
3. Fram lagt bréf Samgönguráðuneytisins þar sem boðað er til ársfundar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem haldinn verður 17. október nk. í Reykjavík. Sveitarstjóri mun sækja fundinn.
4. Bréf Heilbrigðisstofnunarinnar Hvammstanga dags. 30. september sl. lagt fram en þar segir stofnunin upp samstarfssamningi um rekstur dagvistar fyrir aldraða. Samningnum er sagt upp frá 1. október sl. með 6 mánaða fyrirvara sbr. 7. gr. samningsins. Fulltrúar stofnunarinnar eru tilbúnir til viðræðna um nýjan samning með breyttu sniði. Byggðarráð felur formanni byggðarráðs, sveitarstjóra og félagsmálastjóra að ganga til viðræðna við fulltrúa heilbrigðisstofnunarinnar um gerð nýs samstarfssamnings um dagvist fyrir aldraða.
5. Fram lagt bréf Arnars Gunnarssonar og Víglundar Gunnþórssonar skólaláttstjóra þar sem þeir óska eftir viðræðum við sveitarstjórn Húnaþings vestra um ákvæði verksamninga um akstur skólabarna. Sérstaklega er vísað til ákvæðis 2. gr. um gjald fyrir skólaakstur í ljósi umtalsverðra kostnaðarhækkana á rekstri bifreiða sl. ár. Byggðarráð felur skólaláttstjóra grunnskóla, sveitarstjóra og formanni byggðarráðs að ræða við bréfitara.
6. Fram lögð drög að verklagsreglum um starfsmannaráðningar hjá Húnaþingi vestra. Í kjölfar mikillar umræðu var samþykkt að farið verði yfir drögin á næsta fundi byggðarráðs.
7. Fram lögð til kynningar fundargerð 16. Ársþings SSNV sem haldið var á Siglufirði 19. – 20. september sl.
8. Fram lagt bréf Gudrunar Kloes, atvinnuráðgjafa SSNV en þar er óskað eftir stuðningi Húnaþings vestra við undirbúning að atvinnulífssýningu Húnavatnssýslna sem fyrirhuguð er í Perlunni í febrúarmánuði nk. Samþykkt að boða Gudrunu til viðræðna á næsta fund

byggðarráðs.

9. Farið yfir skýrslu um rekstur Íþróttamiðstöðvar Húnaþings vestra. Oddur Sigurðarson lagði fram eftirfarandi bókun „Ég óska eftir að fá að sjá vaktaplan þessarar tillögu fyrir íþróttamiðstöðina áður en ég get treyst mér til að leggja endanlegt mat á fyrirhugaðar breytingar. Einnig óska ég eftir því að fá að sjá aðsóknartölur sem lágu til grundvallar úttektinni. Ennfremur óska ég eftir að það verði bókað hvað heildarkostnaður R3 ráðgjafar var vegna þessarar úttektar og framhaldsathugunar.“ Í framhaldi af úttekt á rekstri Íþróttamiðstöðvar Húnaþings vestra leggur formaður byggðarráðs til eftirfarandi tillögu:

* Tvö árstíðartímabil verði á opnun Íþróttamiðstöðvar í stað þriggja eins og nú er, þ.e. vetrartími frá 1. september til 15. maí og sumartími hina mánuði ársins og opnunartími þessi tímabil verði sá sami og verið hefur.

* Helgarvaktir yfir sumartímann verði tvískiptar þannig að fyrri vaktin standi frá kl. 09:45 til 16:00 og sú síðari frá kl. 13:00 til 22:00. Yfir mesta annatíma sumarsins er forstöðumanni þó heimilt að skipuleggja vaktir þannig að tvöföld vakt sé allan daginn.

* Einn starfsmaður verði á helgarvakt yfir vetrartímann.

* Á virkum dögum yfir vetrartímann verður seinni vakt tvískipt þannig að fyrri starfsmaður hefji vakt kl. 15:00 til 23:00 en sá seinni hefji vakt sína kl. 19:00 og henni ljúki kl. 23:00 Byggðarráð samþykkir að vísa ofangreindri tillögu ásamt gögnum til umsagnar menningar- og tólmstundaráðs.

Fundagerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 13:55.

Guðný Helga Björnsdóttir(sign.), Skúli Þórðarson(sign.),

Þ. Karl Eggertsson(sign.),

Heimir Ágústsson(sign.).

Áheyrnarfulltrúi:

Oddur Sigurðarson(sign.).